

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

XLV. árgangur.

1964

Miðvikudaginn 8. janúar 1964.

Nr. 155/1963. Gjaldheimtan í Reykjavík
gegn
Hallbirni Þórarinssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Gjaldheimtan í Reykjavík, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 10. janúar 1964.

Nr. 1/1963. Ákærvaldið
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Guðbergi Ingvari Guðmundssyni
(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Ármann Snævarr.

Ólögleg meðferð á fundnu fé.

Dómur Hæstaréttar.

Máli þessu er áfrýjað, eingöngu að því er varðar ákærða Guðberg Ingvar Guðmundsson. Atferli ákærða er lýst í

héraðsdómi og þar réttilega talið varða við 246. gr. laga nr. 19/1940. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 30 daga, og skal hún vera skilorðsbundin, svo sem ákveðið er í héraðsdómi.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað, að því er tekur til ákærða Guðbergs Ingvars. Hann skal og greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti, er renni í ríkissjóð, kr. 3000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns þar, kr. 3000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Guðbergur Ingvar Guðmundsson, sæti fangelsi 30 daga, en fresta skal fullnustu refsingarinnar, og niður skal hún falla eftir 3 ár frá uppsögu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað, að því er tekur til ákærða Guðbergs Ingvars, eiga að vera óröskuð. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00, er renni í ríkissjóð, og málsvarnarlaun verjanda síns, Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 29. júní 1962.

Ár 1962, föstudaginn 29. júní, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var á Fríkirkjuvegi 11 af Halldóri Þorbjörnsyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 3403—3404/1962: Ákærvaldið gegn Guðbergi Ingvari Guðmundssyni og Sigurði Kristjáni Hjaltested, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er höfðað með ákæru, útgefinni 3. ágúst 1961, gegn Guðbergi Ingvari Guðmundssyni verkamanni, Suðurlandsbraut 35, hér í borg, fæddum 28. júní 1905 í Reykjavík, og Sigurði Kristjáni Hjaltested bónda, Vatnsenda, fæddum 11. júní 1916 í Reykjavík. Guðbergur Ingvar er ákærður fyrir brot gegn 244.

gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, til vara fyrir brot gegn 246. gr. sömu laga, en Sigurður Kristján er ákærður fyrir brot gegn 254. og 253. gr. sömu laga.

Ákærði Guðbergur Ingvar Guðmundsson þykir hafa gerzt brotlegur með því að hirða og slá eign sinni á tvo pakka, sem hann sá detta á hafnarbakkanum í Reykjavík úr vatnspípum, sem verið var að skipa upp úr m/s Gullfossi eitt sinn á síðastliðnum vetri, en í pökkum þessum voru hátt á annað hundrað peningar (10 rúblna peningar, samkvæmt áletrun á þá slegnir 1903 og 1904). Reyndist sá peninganna, sem Atvinnudeild háskólans rannsakaði sem sýnishorn, vera 8.5 gr. að þyngd og úr 16 karata gulli.

Ákærði Sigurður Kristján Hjaltested þykir hafa gerzt brotlegur með því að nota sér vanþekkingu meðákærða Guðbergs Ingvars Guðmundssonar á verðmæti nefndra gullpeninga til að fá hann í lok síðastliðins maímánaðar til að selja sér 129 þeirra fyrir 200.00 krónur alls, vitandi með hverjum hætti meðákærði var að peningunum kominn.

Þess er krafizt, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, greiðslu skaðabóta, ef krafizt verður, og greiðslu alls sakarkostnaðar. Enn fremur er þess krafizt, að upptækir verði gerðir ríkissjóði til handa samkvæmt 69. gr., 1. mgr. 3. tl., almennra hegningarlaga þeir nefndu gullpeningar, sem eru í vörzlu lögreglunnar, og sá ábati, sem ákærðu hafa haft af brotum sínum.

Verða nú raktir málavexir.

Í tilefni af grein í dagblaðinu Þjóðviljanum hinn 6. júní 1961, er fjallaði um, að rússneskir gullpeningar væru boðnir til sölu hér í borg, hóf rannsóknarlögreglan rannsókn, er leiddi í ljós, að ýmsir gullsmiðir og fleiri höfðu fengið tilboð um kaup á slíkum peningum. Var slóð peninga þessara rakin til ákærðu í máli þessu. Ákærði Guðbergur skýrði svo frá, að hann hefði verið að vinna að uppskipun úr m/s Gullfossi. Meðal þeirra vara, er upp var skipað, var mikið af alls konar rörum. Guðbergur kveðst hafa séð, er verið var að lyfta upp rörum, að tveir litlir pakkar hafi hrotið úr einu rörinu og fallið niður á bólverkið við skipshliðina. Kveðst hann hafa tekið annan pakkann og gætt í hann og séð eitthvað, sem glytti í, í pakkanum. Þá hafi hann einnig tekið hinn pakkann, og farið með báða heim til sín, að lokinni vinnu. Hann hafi séð, að í pakkanum voru gylltir peningar, að hann heldur um 80 stk. í hvorum pakka. Hann kveðst ekki hafa gert sér grein fyrir, að hér væri um

verðmæta peninga að ræða. Hann hafi svo sagt meðákærða Sigurði Kristjánssyni frá peningunum og hvernig hann væri að þeim kominn og gefið Sigurði 3 eða 4 peninga. Einhverjum fleirum hafi hann gefið peninga, 1—4 í senn, en getur ekki nafngreint nema Óskar Björnsson, Suðurlandsbraut 34, er fengið hafi 4 peninga. Ákærði Guðbergur Ingvar segir, að Sigurður hafi síðar, hinn 28. maí, falað af honum peningana, og kveðst hann síðan hafa selt Sigurði það, sem eftir var, fyrir 200 kr. Sigurður hafi látið, svo sem peningarnir mundu ekki vera mikils virði.

Ákærði Guðbergur Ingvar hefur við meðferð málsins haldið fast við framangreinda frásögn um það, hvernig hann hafi komizt yfir peningana, og verður að leggja þá frásögn hans til grundvallar. Hins vegar er ljóst, að peningarnir voru fleiri en Guðbergur taldi í fyrstu, enda kom í ljós, að miklu af þeim hafði verið stolið af honum, svo sem síðar verður rakið.

Ákærði Sigurður Kristján segir, að Guðbergur Ingvar hafi sagt honum frá peningum, sem hann hefði hirt við uppskipun. Fékk Sigurður sýnishorn af peningunum hjá Guðbergi. Hann segist síðar hafa keypt á annað hundrað peninga af Guðbergi fyrir 200 kr. Á því stigi hafi hann ekki gert sér grein fyrir, um hve mikil verðmæti hafi verið að tefla, en eftir það hafi hann látið rannsaka pening í Atvinnudeild háskólans og fengið sannreynt, að gullinnihald peninganna væri 68% (16 karöt).

Eftir því sem næst verður komizt, hefur ákærði Sigurður fengið í hendur 133 stykki af umræddum peningum, og ráðstafaði hann þeim, svo sem hér greinir:

1. Hann afhenti Jóni Kornelíusi Jónssyni skartgripasala 125 peninga og fékk fyrir 10 þúsund krónur. Ákærði segist hafa selt peningana, en Jón segir, að hann hafi tekið þá að veði fyrir 10 þúsund kr., er hann hafi lánað ákærða. Jón skilaði rannsóknarlögreglunni hinum 125 peningum.

2. Ákærði Sigurður kom í gullsmíðastofu Hreins Jóhannssonar og Halldórs Kristinssonar og fékk þá til að prófa einn pening, og að skilnaði gaf hann þeim 2 peninga hvorum. Smíðaði Halldór úr sínum peningum, en Hreinn skilaði sínum tveimur við rannsókn málsins.

3. Ákærði Sigurður skilaði við rannsókn málsins 2 peningum.

4. Atvinnudeild háskólans fékk til rannsóknar 1 pening heilan og 1 skertan, og skilaði hún rannsóknarlögreglunni heila peningnum.

Ljóst er, að ákærði Guðbergur hefur haft undir höndum a.m.k. 50 peninga auk þeirra, er ákærði Sigurður fékk hjá honum:

1. Óskar Björnsson, sem fyrr er nefndur, fékk að eigin sögn hjá ákærða 3 gullpeninga að gjöf. Skilaði hann rannsóknarlög-reglunni einum, en telur hina hafa týnt.

2. Rannsóknin leiddi í ljós, að piltur einn á 14. ári fór einhverju sinni inn í skála þann, sem ákærði Guðbergur býr í, en hann mun hafa verið ólæstur, og tók þar talsvert af peningum í heimildarleysi og sló eign sinni á þá. Kveður pilturinn peningana hafa verið í bréfpoka, sem legið hafi á gólfinu. Peningarnir hafi verið 47 að tölu. Hann seldi ekkert af peningunum, en er hann fór í sveit skömmu síðar, gaf hann bróður sínum peningana. Áður hafði hann sagt foreldrum sínum, að hann hefði fundið peningana á Arnarhólstúni. Bræður piltsins, sem eru ófjárráða, fengu föður sinn til að undirrita nokkurs konar leyfi til að ráðstafa peningunum, og ráðstöfuðu þeir fénu svo þannig:

a. Steinpór Sæmundsson gullsmiður keypti fyrst einn pening fyrir 300 kr. og eftir það 30 peninga fyrir alls 9000 kr. Fyrsta peninginn hafði Steinpór notað til að prófa, en skilaði rannsóknarlögreglunni hinum 30.

b. Sigmundur Kristinn Ágústsson kaupmaður, Grettisgötu 30, keypti 3 peninga og greiddi fyrir 900 kr. (Þar af 300 kr. í frímerkjum). Hann skilaði peningunum.

c. Guðmundur Jóhannes Andrússon gullsmiður, Laugavegi 50, keypti 4 peninga og lét af hendi fyrir vörur ca. 1200 kr. Guðmundur skilaði peningunum. Fékk hann til baka vörur þær, er hann hafði látið af hendi fyrir þá, en að vísu skemmdar, að því leyti, að búið var að grafa á gripina.

d. Guðni Þórðarson gullsmiður, sem vinnur hjá Guðmundi Jóhannesi Andrússyni, keypti 3 peninga og greiddi þá með vörum. Hann skilaði peningunum, en fékk aftur vörurnar.

e. Móðir pilts þess, sem tók peningana, skilaði 6 peningum, sem ekki var búið að ráðstafa.

Samkvæmt þessu hafa það verið a.m.k. 47 peningar, sem pilturinn tók frá ákærða Guðbergi Ingvari, og hafa 46 komið í vörzlur dómsins. Þá skal þess getið, að af fé því, er piltarnir fengu fyrir peningana, hefur dómurinn fengið í hendur 1750 kr., er afhentar munu þeim, sem fyrir tjóni urðu af völdum þeirra.

Ekki virðist ákærði Guðbergur Ingvar hafa veitt því neina athygli, er peningunum var stolið frá honum. Meðferð hans á

fénu bendir mjög til þess, að hann hafi ekki gert sér neina grein fyrir, hvers virði þeir voru.

Peningar þeir, sem hér er um að ræða, en af þeim eru nú 177 í vörzlu dómsins, bera á framhlið áletrunina: 10 rublei 1903 g., en á bakhlið er mynd Nikulásar II keisara og áletrunin: B. M. Nikolai II Imperator — I Samodjержzets vseross. Eins og fyrr greinir, reyndist gullinnihaldið 68% (16 karöt).

Allt er á huldu um það, hvaðan peningar þessir eru eða með hverjum hætti þeir komust í áðurnefnd rör. Fengust engar upplýsingar um það þrátt fyrir eftirgrennslanir í Danmörku og Svíþjóð. Lögreglan í Stokkhólmi skýrir þó frá því, að tollyfirvöld þar hafi vorið 1961 haft með höndum könnun á smygli á 800 rússneskum gullpeningum, yfirleitt að verðgildi 10 rúblur, og hafi hafzt upp á peningum þessum og hald verið lagt á þá. Talið sé, að peningarnir hafi komið frá Belgíu. Þeir séu falsaðir, gullinnihald 16—17 karöt í stað 22—23 karata. Virðist vera þarna um sams konar peninga að ræða og mál þetta snýst um.

Er þá komið að því að taka afstöðu til ákæruatriða í máli þessu.

Þáttur Guðbergs Ingvars Guðmundssonar.

Svo sem fyrr getur, verður að leggja til grundvallar þann framburð ákærða Guðbergs Ingvars, að hann hafi tekið peningapakkana, eftir að hann sá þá af hendingu falla út úr pípu eða pípum, sem verið var að skipa upp úr m/s Gullfossi, og slegið síðan eign sinni á þá. Ljóst er, að með þessu hefur Guðbergur Ingvar framið auðgunarbrot, en álitamál kann að vera, hvort um þjófnað eða ólögmæta meðferð fundins fjár er að ræða. Dómurinn telur, að líta verði svo á, að verðmætin hafi verið vörzlulaus í skilningi refsiréttar. Sá, sem kom pökkunum fyrir í pípunum, hafi verið búinn að svipta sig möguleikunum á að taka þá þar aftur. Og ekki eru neinar sönnur á, að farmflytjandinn eða viðtakandinn hafi haft neitt með peningana að gera. Samkvæmt þessu verður brot Guðbergs Ingvars heimfært undir 246. gr. almennra hegningarlaga. Hann hefur ekki fyrr sætt neinum kærum eða refsingum, nema nokkrum smásektum, flestum fyrir ölvun. Hann virðist lítt hafa gert sér grein fyrir, um hver verðmæti hér var að tefla. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 60 daga, en rétt er, að frestað verði fullnustu refsingarinnar, og falli hún niður eftir 3 ár frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Þáttur Sigurðar Kristjáns Hjaltesteds.

Sannað er, að ákærði Sigurður Kristján tók við peningunum af Guðbergi Ingvari, þótt honum væri kunnugt um, að Guðbergur Ingvar hafði öðlazzt þá með auðgunarbroti, og hefur hann með því gerzt sekur um brot gegn 254. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Sigurður Kristján keypti yfir 130 gullpeninga fyrir 200 kr. af ákærða Guðbergi Ingvari, en raunverulegt verðmæti þeirra hefur verið nokkrir tugir þúsunda kr. (sbr. það, að gullsmiðir keyptu peningana yfirleitt fyrir 300 kr. stk., og samkvæmt því hefðu 130 peningar numið að verðmæti kr. 39.000.00). Ákærðu greinir nokkuð á um það, hvernig kaupin komu til. Guðbergur Ingvar segir, að Sigurður hafi falað af sér peningana, en Sigurður segir, að Guðbergur hafi beðið sig um lán, og hafi hann verið ragur við að lána honum, en stungið upp á því að kaupa af honum peningana í staðinn. Greinir ákærðu á að þessu leyti, Sigurður segist ekki hafa vitað um verðmæti peninganna á þeim tíma, er hann tók við þeim. Sú frásögn hans er studd af framburði Guðbergs, sem telur sig hafa afhent peningana 28. maí, en Sigurður fór með pening til rannsóknar í atvinnudeildina hinn 29. sama mánaðar. Eftir atvikum verður ekki talið fyllilega sannað, að Sigurður Kristján hafi gert sér þá grein fyrir verðmæti peninganna og þar með þeim mismun, sem var á því og endurgjaldi því, sem hann innti af hendi, sem er skilyrði þess, að honum verði refsað fyrir brot gegn 253. gr. hegningarlaga. Verður að sýkna hann af ákæru að því leyti. Sigurður hefur ekki fyrr sætt kæru né refsingu, nema hvað hann hefur verið einu sinni dæmdur í 1000 króna sekt fyrir áfengis- og bifreiðalagabrot. Refsing Sigurðar Kristjáns fyrir brot hans gegn 254. gr. hegningarlaga þykir hæfilega ákveðin fangelsi 4 mánuði. Rétt þykir, að frestað verði fullnustu refsingarinnar, og falli hún niður eftir 3 ár frá uppkvaðningu dómsins, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, svo og hið sérstaka skilorð 6. tl. sömu greinar, þ. e. greiði bætur þær, sem dómur þessi kveður á um, sbr. hér á eftir.

Kröfur um upptöku og skaðabætur.

Upptökukrafa ákæruvaldsins er tvíþætt: a) krafa um upptöku gullpeninga þeirra, sem lögreglan hefur lagt hald á, b) sá ábati, er ákærðu hafa haft af brotum sínum.

Um a): Allir peningar þeir, sem eru í vörzlu dómsins, voru í vörzlu annarra en ákærðu, (að undanskildum 2 peningum, sem Sigurður Kristján skilaði). Virðast allir, nema ákærðu, hafa verið að peningunum komnir í góðri trú. Upptakan kemur því fyrst og fremst niður á þessum aðiljum. Þeir eru ekki samkvæmt ákærunni varnaraðilar í máli þessu, en við dómsmeðferð málsins hefur þeim öllum verið gefinn kostur á að tjá sig um upptökukröfuna.

Jón Kornelíus Jónsson, sem afhenda varð 125 peninga, mótmælir upptökukröfunni og krefst þess, að sér verði afhentir peningarnir aftur. Verði krafan um upptöku hins vegar tekin til greina, verði ákærði Sigurður Kristján dæmdur til að greiða honum kr. 10.000.00.

Hreinn Melsted Jóhannsson, sem skilaði 2 peningum, er hann hafði þegið að gjöf frá Sigurði, gerir engar kröfur í málinu. Sama er að segja um Óskar Björnsson, sem skilaði einum pening.

Þeir Steinþór Sæmundsson (lét af hendi 30 peninga), Sigmundur Kristinn Ágústsson (3 peninga), Guðmundur Jóhannes Andrésson (4 peninga) og Guðni Þórðarson (3 peninga) mótmæla allir, að upptökukrafan nái fram að ganga, og krefjast þeir peninganna. Af hálfu Steinþórs og Guðmundar er bent á ákvæði 69. gr. laga nr. 19/1940 um forgang til andvirðis hinna upptæku vara, ef upptaka verði dæmd.

Samkvæmt 3. tl. 69. gr. hegningarlaga má gera upptæka „muni eða ávinning, sem aflað hefur verið með broti og enginn á löglegt tilkall til“. Ljóst er, að peningar þeir, sem upptöku er krafizt á í málinu, eru munir, sem aflað hefur verið með broti. Um „löglegt tilkall“ annarra til þeirra, er það að segja, að peningarnir verða að vísu að teljast háðir eignarrétti. En sá réttur er þó alls óljós og eftir atvikum ekki líklegt, að nokkru sinni komi til þess, að raunverulegur eigandi reki réttar síns, og þykir því rétt að taka upptökukröfu þessa til greina. Þess er að gæta, að eigandi mundi, ef til kæmi, geta, þrátt fyrir upptökuna, krafizt peninganna eða andvirðis þeirra frá ríkissjóði.

Samkvæmt þessari niðurstöðu verður afstaða tekin til bótakröfu Jóns Kornelíusar Jónssonar á hendur ákærða Sigurði Kristjáni, og er ljóst, að taka ber hana til greina að öllu leyti, enda er henni eigi mótmælt af hálfu ákærða.

Máli þessu er svo háttað, að þeir Steinþór Sæmundsson, Sigmundur Kristinn Ágústsson og Guðmundur Jóhannes Andrésson hafa ekki átt þess kost að koma að bótakröfum vegna tjóns þess,

er þeir urðu fyrir af því, að hald var lagt á peningana. Hins vegar er rétt í dómi þessum að áskilja þeim forgang að andvirði hinna upptæku muna, hverjum í hlutfalli við það magn, er hann varð að afhenda, til tryggingar bóta fyrir tjón það, sem þeir urðu fyrir, enda fáist bætur ekki með öðrum hætti. Sams konar forgangsrétt á Jón Kornelíus Jónsson, að því er varðar kröfu hans.

Um b): Krafizt er, að upptækur sé ger ábati, sem ákærðu hafa haft af brotum sínum. Ekki er tilgreind fjárhæð né krafan skýrð að öðru leyti. Fullnægir ákæran að þessu leyti eigi ákvæðum 115. gr. laga nr. 82/1961, og verður kröfunni því vísað frá. Þess er að gæta, að ekki verður séð, að ákærðu hafi haft neinn ávinning af brotum sínum, nema þann, er aðrir eiga tilkall til, eða fellur undir upptöku muna, sbr. hér að framan.

Sakarkostnaður.

Dæma ber ákærða Guðberg Ingvar Guðmundsson til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmans, kr. 2500.00, og ákærða Sigurð Kristján til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Högna Jónssonar héraðsdómslögmans, kr. 2500.00. Annan sakarkostnað ber að dæma ákærðu til að greiða in solidum.

Dómsorð:

Ákærði Guðbergur Ingvar Guðmundsson sæti fangelsi 60 daga. Fresta skal fullnustu refsingar hans, og falli hún niður eftir 3 ár frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði Sigurður Kristján Hjaltested sæti fangelsi 4 mánuði. Fresta skal fullnustu refsingar hans, og falli hún niður eftir 3 ár frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, svo og hið sérstaka skilorð 6. töluliðar sömu greinar.

Ákærði Sigurður Kristján Hjaltested greiði Jóni Kornelíusi Jónssyni kr. 10.000.00.

Upptækir skulu ríkissjóði til handa 177 gullpeningar, sem nú eru í vörzlu dómsins. Jóni Kornelíusi Jónssyni, Steinþóri Sæmundssyni, Sigmundi Kristni Ágústssyni og Guðmundi Jóhannesi Andræssyni er hverjum um sig áskilinn forgangur að andvirði þeirra peninga, sem þeir létu af hendi, er hald var lagt á peningana, að svo miklu leyti sem bætur fást

ekki á annan hátt fyrir tjón það, sem þeir hafa orðið fyrir.

Ákærði Guðbergur Ingvar Guðmundsson greiði 2500.00 kr. í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, og ákærði Sigurður Kristján Hjaltested kr. 2500.00 til skipaðs verjanda síns, Högna Jónssonar héraðsdómslögmanns. Annan sakarkostnað greiði ákærðu in solidum.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 13. janúar 1964.

Nr. 176/1962. **Ákæruvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Arthur Wood Bruce (Gísli G. Ísleifsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Magnús Þ. Torfason prófessor og Einar Arnalds yfirborgardómari.

Ákæra um fiskveiðabrot. Alþjóðalög.

Ómerking og frávisun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta var flutt upphaflega fyrir Hæstarétti hinn 6. febrúar 1963. Er málflutningur var kominn mjög áleiðis, var bent á það af hendi dómsins, að eigi væri fyllilega ljóst, hvort skip ákærða, Lincoln City, GY 464, hefði verið innan fiskveiðimarka, er varðskipsmenn sendu því stöðvunarmerkið K með ljósmorsi kl. 1802 hinn 30. október 1962, en verjandi ákærða hafði eigi varið ákærða á þessum grundvelli. Var því málinu frestað til könnunar að þessu leyti. Er málið kom öðru sinni til meðferðar í Hæstarétti 4. október 1963, var enn eigi fullkannað um stað togarans kl. 1802 hinn 30. október 1962. Kvað Hæstiréttur því hinn 8. s. m. upp úrskurð um að dómkveðja skyldi þrjá sérfróða menn til m. a. að kanna og marka á sjóuppdrátt stað b/v Lincoln City,